

**81. fundur skráningarráðs** haldinn 3. september 2014, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9:00-10:30

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis (fundarritari) og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna.

Fundargerð 80. fundar var yfirfarin og samþykkt.

## **Fundarefni:**

### **1. Innleiðingaráætlun RDA**

Drög að áætlun um innleiðingu RDA

- Fyrirliggjandi drög voru skoðuð og rædd
- Semja þarf formála þar sem fram kemur í örstuttu máli hvað RDA er, hvers vegna þörf er á innleiðingu og hvar ábyrgð á ákvörðun um innleiðingu liggur (ÞS)
- Ákveðið var að allar fundarkonur gaumgæfðu drögin fyrir næsta fund með hliðsjón af gögnum sem hver og ein hefur skoðað og/eða hafa verið til umfjöllunar
  - Vantar grundvallaratriði?
  - Er tímaáætlun raunhæf?
  - O.fl.
- Ákveðið var að vinna drögin áfram á næsta fundi með hliðsjón af / í samræmi við ofantalin atriði

Þýðingar

- Samkvæmt upplýsingum, sem SH aflaði hjá þýðingarfyrirtæki, gæti gróflega áætlaður þýðingarkostnaður á orðalista (Glossary = 62 bls.) og inngangskafli að RDA (Introduction = 15 bls.) numið nálægt 1100. 000 kr.

Virkir skrásetjarar

- Greining á virkum skrásetjurum er í vinnslu hjá Landskerfi bókasafna
  - Virkni er metin miðað við vistaðar færslur á 20 mánaða tímabili, þ.e. 1. sept. 2012 – 30. apríl 2014
  - Tilgangurinn er að meta hve margir þurfa RDA þjálfun

RDA og RDA-Toolkit sérfræðiaðstoð

- Stefnt er að því að opna á möguleika á lærdómsferð þriggja skrásetjara kennarateymis til British Library til að fylgjast með vinnulagi skrásetjara þar

Innleiðingarteymi

- Stofna þarf innleiðingarteymi sem inniheldur lykilfólk

- Fulltrúar frá skráningarráði, Landskerfi bókasafna, Landsbókasafni, kennarateymi og e.t.v. fleiri

#### Verkefnisstjóri

- Stefnt er að því að verkefnisstjóri annist samhæfingu og utanumhald auk þess að taka virkan þátt í gerð skjala og kennsluefnis
  - Hálft starf í eitt og hálft ár
  - Æskilegt að viðkomandi þekki vel til vinnuumhverfis skrásetjara
  - Skilgreina þarf hlutverk og verksvið

#### Eftirvinnsla

- Að lokinni innleiðingu RDA tekur við tímabil samhæfingar
  - Bókfræðigögn ýmist skráð skv. AACR2 eða RDA krefjast mismunandi úrvinnslu fyrir leitir og birtingu
  - Leitarniðurstöður og birting, þ.e. nýting gagnanna, þarf að verða ásættanleg

Í næstu viku er stefnt að því að svara erindi landsbókavarðar frá 4. júlí 2014, afhenda drög að áætlun um innleiðingu RDA.

Næsti fundur um sama efni hefur verið boðaður  
mánudaginn 8. september 2014 kl. 13:00